



FÉLAG ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA // FEBRÚAR 2024

Fréttabréf FÍA



Aðalfundur FÍA og framboð til stjórnar
// Snjó- og hálkuvarnir KEF // Samið
við flugskóla // PSP kerfið // Paul
Allen í stjórn ECA // Myndir og fréttir
af starfi FÍA

EFNISYFIRLIT

3 Ávarp
formanns

17 PSP kerfi
flugmanna

6 Liðsauki
á lagasviði

18 Sjúkrasjóður
FÍA

7 Fréttir af FÍA

19.
Aðalfundur
og framboð

9 Samið við
flugskólana

10 Nor'eastern

26 Skýjaborgir

11 Framhaldslíf
TF-LÍF

27 Snjó- og
hálfuvarnir KEF

14 Myndir frá
RFSS 2023

32 Paul Allen í
stjórn ECA



ÁVARP FORMANNS

Ég hef ávallt verið þeirrar
skoðunar að það sé ríkt
stéttarfélag sem hefur á að
skipa félagsmönnum sem eru
tilbúnir til að bjóða fram krafta
sína til að vinna að
hagsmunum heildarinnar.



JÓN ÞÓR ÞORVALDSSON,
FORMAÐUR FÍA

Kæru félagar,

Senn líður að aðalfundi FÍA. Fundurinn verður haldinn þann 29. febrúar nk. Þar fara fram hefðbundin aðalfundarstörf venju samkvæmt. Einn af föstum liðum dagskrár fundarins eru kosningar til stjórnar FÍA. Það er mikilvægt að nýta sér lýðræðislegan rétt okkar og kjósa sér forystu. Í stjórn FÍA á enginn neitt. Þeir sem þar sitja, eru í umboði ykkar félagsmanna og starfa fyrir ykkur og hagsmuni heildarinnar. Að þessu sinni eru laus sæti 4 meðstjórnenda sem og sæti formanns. Undirritaður hefur setið sem formaður stéttarfélagsins frá árinu 2020. Ég mun gefa kost á mér til áframhaldandi starfa sem formaður fyrir komandi tímabil 2024-2026.

Mig langar til að þakka þeim sem nú víkja úr stjórn og gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu,

fyrir ánægjulegt samstarf og framlag þeirra til stéttarfélagsins okkar. Ég veit að þau munu áfram styðja við FÍA og miðla mikilsverðri reynslu sinni til arftakanna, sem og þeirra sem áfram munu starfa.

Það er ánægjulegt að sjá fleiri framboð til stjórnasetu en sem nemur lausum sætum. Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar að það sé ríkt stéttarfélag sem hefur á að skipa félagsmönnum sem eru tilbúnir til að bjóða fram krafta sína til að vinna að hagsmunum heildarinnar. Ég hlakka til að starfa áfram með þeim sem áfram sitja í stjórn en einnig þeim sem munu koma nýjir inn eða hljóta endurnýjun umboðs.

Tíminn líður hratt, og örstutt virðist síðan við gerðum kjarasamninga til 5 ára í kjölfar heimsfaraldursins. En nú eru liðin tæp



**VIÐ HÖFUM BOÐIÐ
FÉLAGSMÖNNUM AÐ
TAKA ÞÁTT Í
VINNUSTOFUM ÞAR
SEM ÆTLUNIN ER AÐ
KOMA HUGMYNDUM Á
FRAMFÆRI SEM GÆTU
NÝST VIÐ SAMNINGA-
GERÐ Í FRAMTÍÐinni.**

4 ár af þeim samningstíma, sem segir okkur að stutt er í endurnýjun við flesta okkar við-semjendur. Við getum verið stolt af því að hafa ávallt mætt vel undirbúin til viðræðna og á því verður engin breyting. Í höfuðstöðvum FÍA er þegar hafinn undirbúningur fyrir komandi samningalotur.

Við höfum boðið félagsmönnum að taka þátt í vinnustofum þar sem ætlunin er að koma hugmyndum á framfæri sem gætu nýst við samningagerð í framtíðinni. Þar fá félagsmenn tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum á skipulegan hátt og hægt að spegla hin ýmsu viðhorf og sjónarmið sem kunna að vera á fjölmörgum ákvæðum kjarasamninga. Þar hefur verið skapaður vettvangur fyrir þá sem vilja hafa áhrif og mögulega kviknar þar áhugi til að taka næsta skref og starfa fyrir FÍA á öðrum vettvangi. Í þessu samhengi er mikilvægt að hlusta á nýjar hugmyndir eða útfærslur en ekki skiptir síður máli að leita til reynslumikilla aðila sem hafa komið að undirbúningi og leitt samningavinnu á síðastliðnum árum og áratugum.

Nú bætast nýir félagar í hóp okkar í hverjum mánuði. Flugrekendur þjálfar nýja flugmenn til starfa fyrir komandi sumar og framtíðina. Margir þeirra sem nú bætast í okkar hóp hafa á að skipa mikilli reynslu annars staðar frá en aðrir eru að taka sín fyrstu skref í atvinnuflugi. Einhverjir voru þegar félagar í FÍA en flestir eru nýir félagar.

Mig langar til að hvetja þá sem eru nýir til að kynna sér vel starfsemi FÍA og kjarasamningana sem við störfum eftir. Einnig vil ég biðja þá sem hafa verið lengi innan vébanda FÍA um að leiðbeina og uppfræða þá sem nú bætast í okkar hóp um starfsemi stéttarfélagsins, stuðningsnetið, kjarasamningana og mikilvægi samstöðunnar.

Ég vil hvetja ykkur öll til að taka þátt í kosningum til stjórnar FÍA og mæta á aðalfund þann 29. febrúar nk.

Kveðja,

Jón Þór Þorvaldsson
Formaður FÍA

LÍÐSAUKI Á LAGASVIÐI

Anna Lilja Hallgrímsdóttir hefur verið ráðin til starfa sem lögfræðingur hjá Félagi íslenskra flugmanna (FÍA). Hún hóf störf 1. desember og verður annar lögfræðingur FÍA.



Anna Lilja starfaði áður sem lögfræðingur hjá Lögmannafélagi Íslands þar sem hún sinnti m.a. eftirliti með því að lögmenn uppfylltu starfstengdar skyldur sínar, starfaði fyrir laganefnd félagsins og úrskurðarnefnd lögmanna, skipulagði viðburði ásamt því að vera upplýsingafulltrúi gagnvart samtökum evrópskra lögmannafélaga.

Hún segir starfið bæði líkt og ólíkt fyrri störfum:

„Regluverk í kringum flug og flugmenn er auðvitað mjög sérhæft og ég sé eitthvað nýtt á hverjum degi. Eins eru kjarasamningarnir um margt ólíkir því sem þekkest á almennum vinnumarkaði.

Það sem kom helst á óvart er hversu virkir flugmenn eru í starfinu hérna hjá FÍA, þá sérstaklega stjórnin og starfandi nefndir. Hér er oftast líf og fjör, margir í húsi og allir tilbúnir til þess að hjálpa og deila sinni vísu. Flugmenn eru líka sérstaklega nákvæmir og eru mjög vakandi fyrir sínum réttindum.

Ég sinni mjög fjölbreyttum verkefnum við hlið Sonju. Má þar helst nefna fyrirspurnum og verkefnum frá stjórn, lögfræðilegri aðstoð til félagsmanna, FTL málum, yfirferð samninga o.fl.“

Anna Lilja er útskrifaður lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík en hún lauk BA prófi í lögfræði árið 2010 og meistaranámi árið 2012. Þá hlaut hún málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum árið 2014. Samhliða námi starfaði hún hjá Creditinfo og Bæjarskrifstofum Garðabæjar ásamt því að vera starfsnemi hjá Mörkinni lögmannsstofu og Ríkissaksóknara.

Takk fyrir, Lára Sif!

Lára Sif Christiansen lét af störfum sem framkvæmdastjóri FÍA undir lok árs. Hennar verður saknað á skrifstofunni og í störfum félagsins enda hefur hún staðið sig með mikilli þrýði.

Stjórn FÍA þakkar Láru Sif kærlega fyrir störfin á undanförunum árum og óskar henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan liggja!



Persónuleg fjármál 2024

Í hádeginu þriðjudaginn 27. febrúar verður hádegiserindi á vegum Starfsmenntasjóðs sem snýst um persónuleg fjármál. Erindi flytur Björn Berg Gunnarsson, fjármálaráðgjafi. Björn hefur 16 ára reynslu á fjármálamarkaði og er höfundur bókarinnar Peningar.

Hvernig verður þetta ár og hvernig búum við okkur undir það? Rætt verður með einföldum og aðgengilegum hætti um persónuleg fjármál og hvernig skynsamlegt er að bregðast við aðstæðum og horfum í efnahagslífinu. Litið verður á áhrif verðbólgu og vaxta, þróun lána og sparnaðar og hvernig tryggja megum besta fjárhagslega heilsu til lengri tíma litið.



Framboðskaffi, mánudag og þriðjudag

Aðalfundur er framundan og að vanda eru frábærir flugmenn í framboði til stjórnar FÍA. Valið er erfitt og því gefst félagsfólki færi á að mæta í framboðskaffi á mánudag og þriðjudag, 19. og 20. febrúar kl.12 í Grjótnesi, þar sem frambjóðendur munu kynna sig og áherslur sínar.

Þá má lesa [greinar frambjóðenda](#) síðar í þessu riti.

Flugmannakaffi 27/2

Við minnum svo á okkar sívinsælu Flugmannakaffi, hið næsta verður haldið morgunninn 27. febrúar milli 10-12..

Myndir úr starfi FÍA...



Við flugmenn eldumst víst eins og annað fólk... hér má sjá nokkra af þeim heiðursmönnum sem létu af störfum sem flugmenn nýverið, ásamt varaformanni og formanni FÍA.

Framkvæmdastjóri FÍA, Hermann Sigurðsson, fór í sína fyrstu ferð á vegum FÍA á aðalfund ECA í nóvember en að því tilefni bauð Sara Hlín Sigurðardóttir honum í heimsókn fram í flugstjórnarklefan að kynna störfum flugmanna í háloftum.



Að vanda var vel mætt á félagsfundi FÍA í vetur.





Flugskóli Reykjavíkur



Flugskóli Akureyrar

Það er mikið gleðiefni að góðir samningar náðust milli FÍA og flugskóla á árinu sem leið: Flugskóla Geirfugls, Flugskóla Reykjavíkur og Flugskóla Akureyrar.

Kjarasamningarnir taka mið af þörfum ólíkra flugskóla en jafnframt er þess gætt að flugkennum sé greitt fyrir alla vinnu, hvort sem hún er á jörðu niðri eða á flugi

Við hjá FÍA óskum flugkennum og stjórnendum alls hins besta og erum stoltur samstarfsaðili Flugskólanna.

SAMIÐ VIÐ FLUGSKÓLANA



Flugskóli Geirfugls

Nor'easter

Mikill stormur hefur geisað í New York borg í Bandaríkjunum undanfarna daga og ekki hefur snjóað meira í borginni í tvö ár.

Veðurfyrirbærið veldur þessari miklu úrkomu kallast Nor'easter, sem gæti þýðst sem NV-hvellur á íslensku, og er stormur sem myndast með fram austurströnd Norður-Ameríku. Hvellurinn getur verið varasamur í flugi og því full ástæða að kynna sér hann vel.

Stormurinn myndast þegar lægð kemur norður með Austurströndinni á sama tíma og meginlandið er kalt. Lægðin ber með sér afar mikinn raka úr Atlantshafinu og þegar raka loftið blandast kalda lofti meginlandsins fellur úrkoma sem snjór. Úrkomumagnið getur orðir mjög mikið líkt og sést hefur undanfarið.

Nor'easter getur ekki einungis leitt af sér mikla úrkomu í formi snjós heldur getur stormurinn einnig leitt til mikilla vinda, rigninga og flóða.

Þegar kalda loftið sem getur verið nálægt -21°C blandast því hlýrra, veldur það því einnig oft að lágþrýstisvæði magnast.



FRAMHALDSLÍF TF-LÍF

Þyrlan TF-Líf kom til Íslands þann
23. júní árið 1995 og olli
straumhvörfum í
þyrlurekstri Landhelgisgæslunnar.

Hún var mun stærri og kraftmeiri
en þær þyrlur sem fyrir voru og var
af mörgum sögð byltingarkennd.

Þyrlan hefur bjargað fjölda fólks og
bjargaði hún meðal annars 39
skipbrotsmönnum á einni viku
árið 1997 þegar Vikartindur,
Þorsteinn G og Dísarfell fórust.

Á því tímabili sem þyrlan starfaði
hér á landi, frá 1995-2020,
bjargaði hún eða flutti með
sjúkraflugi 1.565 manneskjur.



Birna Jónasdóttir tók Benóný Ásgrímsson að tali.



TF-LÍF var seld á síðasta ári, en frá því að hún var sett á sölu hefur svokallað Öldungaráð barist fyrir því að þýrlan verði til sýnis á Flugsafni Íslands á Akureyri. Benóný Ásgrímsson er hluti af Öldungaráðinu en hann er fyrrum þýrluflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni og flaug TF-LÍF í yfir 20 ár. Hann flaug þýrlunni til að mynda til Íslands frá Frakklandi í júní árið 1995 ásamt Páli Halldórssyni.

„Öldungaráðið er félagsskapur eldri starfsmanna Landhelgisgæslunnar og við reyndum að beita okkur fyrir því að vélin yrði ekki seld heldur yrði henni komið fyrir á Flugsafninu, en því miður gekk það ekki alveg eftir,“ segir Benóný og útskýrir að að vélin hafi verið seld til sænskra aðila sem aðallega kaupi og selji varahluti. „Þeir kaupa vélina en ákveða að taka bara úr henni það sem þeir telja nothæft.“

„Flugsafnið á Akureyri sýnir því svo mikinn áhuga að fá vélina til sýningar og við tölum þá við kaupendurna sem samþykkja að gefa Flugsafninu á Akureyri skrokkinn,“ segir Benóný.

Í framhaldi af því hefur Öldungaráðið unnið að því að gera þýrluna sýningarhæfa, til dæmis með því að safna varahlutum í hana. „Við erum bara búnir að vera á hnjónum að betla varahluti í vélina út um allt og við erum búnir að fá svona 90 prósent af þeim varahlutum sem Sviarnir tóku úr henni,“ segir Benóný en bætir við að varahlutirnir séu flestir ónothæfir. „Hún þarf ekki að fljúga þarna á safninu, bara vera sýningarhæf.“

Nú er svo komið að ákveðinn aðili hefur samþykkt að flytja skrokk þýrlunnar á Flugsafnið en Öldungaráðið leitar enn eftir aðilum til að sækja varahlutina sem flestir eru staddir í Svíþjóð.

„Við erum bjartsýn á að úr þessu verði. Við höfum fengið flesta þessa varahluti gefins en það er heilmikill kostnaður við að sækja þá og flytja, en þetta lítur þokkalega út. Við erum afar þakklát þeim sem hafa lagt okkur lið og tökum fagnandi á móti þeim sem vilja leggja okkur lið,“ segir Benóný.

FLUGSAFNIÐ Á AKUREYRI SÝNIR ÞVÍ SVO MIKINN ÁHUGA AÐ FÁ VÉLINA TIL SÝNINGAR OG VIÐ TÖLUM ÞÁ VIÐ KAUPENDURNA SEM SAMÞYKKJA AÐ GEFA FLUGSAFNINU Á AKUREYRI SKROKKINN

VIÐ ERUM AFAR ÞAKKLÁT ÞEIM SEM HAFU LAGT OKKUR LIÐ OG TÖKUM FAGNANDI Á MÓTI ÞEIM SEM VILJA LEGGJA OKKUR LIÐ

Saga TF-LÍFAR er afar stórbrotin og markar tímamót í íslenskri björgunarsögu. „Þetta er síðasta þýrlan sem Íslendingar eiga, allar aðrar þýrlur sem hafa verið notaðar frá árinu 2006 hafa verið leigðar. Saga hennar er merkileg og það væri synd ef hún færi forgörðum,“ segir Benóný.

„TF-LÍF olli hér að mínu mati byltingu og varð svolítið til þess að við, íslenskt samfélag, vorum betur undirbúin þegar ameríski herinn fór frá Íslandi árið 2006 og við þurftum að sinna öllum björgunum sjálf,“ segir hann. „Þá vorum við búin að vera með vélina í 11 ár og öðlast mikla reynslu, hún hefur bjargað fleiri hundrað manns og sinnt mikilvægu hlutverki,“ bætir Benóný við.

-Þú flaugst þýrlunni í yfir 20 ár og tókst þátt í björgun marga, þykir þér vænt um TF-LÍF?

„Já ég get alveg gengist við því að mér þyki vænt um hana og ég hef eytt miklum tíma í henni,“ segir Benóný að lokum.

Benóný flaug TF-LÍF til Íslands á sínum tíma, en hún er af gerðinni, Aerospatiale Super Puma AS-332L1



TF-LÍF, nýja þýrla Landhelgisgæslunnar, sannaði gildi sitt og flaug milli Rífs og Flateyrar í allt að 12 vindstígum.

TF-LÍF sýndi fjótt gildi sitt í viðbrögðunum við snjóflóðið á Flateyri í október 1995.

RFSS 2023

Reykjavík Flight Safety Symposium var vel sótt síðastliðið haust, eins og fyrri ár.

Jón Svavarsson var á svæðinu og tók myndir.

Fyrir þau sem misstu af ráðstefnunni eða vilja einfaldlega hlýða aftur á fróðleg erindin, þá er hægt að horfa á myndbönd af þeim sem eru [aðgengileg á heimasíðu FÍA hér:](#)



RFS 2023



RFS 2023



PSP kerfið: Stuðningur flugmanna

Flestir flugmenn hafa vonandi heyrt um PSP (e. Peer Support Programme) kerfið, sem komið var á fót af FÍA í góðu samstarfi við þrjá flugrekendur árið 2020. Stofnaðilar voru Air Atlanta, Flugfélag Íslands og Icelandair. Síðar bættist Norlandair í hópinn og það er ánægjulegt að bæði Landhelgisgæslan og Mýflug eru komin vel á veg með að staðfesta þátttöku í kerfinu.

Daglegur rekstur og umsjón með PSP kerfinu er á forræði Stoðnefndar FÍA, sem samkvæmt sérstökum samningi tryggir fullan aðskilnað frá hefðbundinni starfsemi stéttarfélagsins.

Hjá Stoðnefnd er áralöng reynsla af því að styðja við flugmenn og fjölskyldur þeirra í hverjum þeim erfiðleikum sem þeim geta mætt. Sérstaklega er hugað að trúnaði og ströngum reglum um persónuvernd og hvorki stjórn FÍA né fulltrúar þeirra flugrekenda sem aðild eiga sjá hverjir leita aðstoðar.

PSP kerfið er starfrækt í samræmi við reglugerð EASA og allir sem að þessu kerfi koma hafa staðist grunnþjálfun frá fólki sem hefur bæði sérfræðiþekkingu og langa starfsreynslu innan heilbrigðiskerfisins og við fjölbreytt meðferðarúrræði.

Markmiðið með PSP kerfinu er að styðja við og leiðbeina flugmönnum við að bera kennsl á, kljást við og komast yfir hverskonar vandamál sem gætu haft neikvæð áhrif á starf þeirra og þær ströngu heilbrigðiskröfur sem gerðar eru til handhafa fyrsta flokks heilbrigðisvottorðs.

70 mál

voru afgreidd í
PSP kerfinu árið
2022

80 mál

voru afgreidd í
PSP kerfinu árið
2023

www.psp.is

Meðal verka Stoðnefndar við PSP kerfið:

- Annast rekstur kerfisins og tryggja úrlausn þeirra mála sem þangað rata.
- Útbúa samstarfssamninga við flugrekendur.
- Upplýsa árlega um fjölda mála ásamt annari tölfraði um gagnsemi kerfisins.
- Fræða flugmenn um kerfið og veita þeim stuðning á jafningjagrundvelli.
- Tryggja grunn- og símenntun allra sem við kerfið starfa.
- Auðvelda aðgengi flugmanna að sérfræði-úrræðum bæði samkvæmt samningum Sjúkrasjóðs FÍA og samningum flugrekenda við fagaðila.
- Fylgjast með og styðja flugmenn í langvarandi veikindum og vinna markvisst að endurkomu þeirra.
- Styðja við þá flugmenn sem við kerfið starfa og gæta að samngjarnri dreifingu mála á milli PSP fulltrúa.
- Aðstoða við gagnaskil ef veikindi eða slys leiða til varanlegrar sviptingar heilbrigðisvottorðs þannig að flugmaður þurfi að sækja um tryggingarbætur

Sjúkrasjóður FÍA

Árið 2023 var metár í fjölda umsókna og styrkja sem sjúkrasjóður FÍA veitti en fjölgunin nam um 67% milli ára.

Sjóðurinn stendur styrkum fótum en auk hefðbundinna starfa vann stjórn hans að ýmsum umbótarverkefnum sem kláruð voru á árinu. Þar má nefna að:

Flugkennarar geta nú sótt um endurgreiðslu á árlegu læknisskoðunum sínum.

Tímabil sem félagsmenn geta sótt um í áframhaldandi veikindaleyfi var hækkaður úr þremur mánuðum í sex.


Félagsmenn geta nú sótt um fæðingarstyrk til sjóðsins að upphæð 250.000 kr. - byrjað var að afgreiða umsóknir frá og með 1.janúar 2024 og það er mikið gleðiefni að það virðist vera að gagnast mörgum.

Mikil vinna fór í að endurgreina styrktarflokkana og upp reikna miðað við verðlagsþróun en sú vinna hefur gengið vel en er enn í gangi.

Stjórn sjúkrasjóðsins hlakkar mikið til ársins 2024 og telur að það megi gera enn betur við félagsmenn og verður áhersla á að auka og bæta við þjónustu en það verður gert með því að reyna gera fleiri þjónustusamninga.



Félagsmenn FÍA geta nú sótt um fæðingarstyrk til sjúkrasjóðsins



Ahmed Muntasir // Pexels

AÐALFUNDUR FÍA

Aðalfundur Félags íslenskra atvinnuflugmanna verður haldinn fimmtudaginn 29. febrúar 2024, kl. 20:00 í Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi.

Hefðbundin aðalfundadagskrá fer fram:

Stjórnarkjör
Skýrsla stjórnar
Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
Lagabreytingar
Kosning skoðunarmanna reikninga FÍA
Kosning fulltrúa í Starfsráð

Önnur mál: Sæti formanns og fjögurra meðstjórnenda eru laus. Sjálfkjörið er í embætti formanns en kjósa þarf í embætti meðstjórnenda.

Léttar veitingar verða í boði eftir fundinn. Vonumst til að sjá sem flesta félagsmenn.

Í framboði til formanns er

Jón Þór Þorvaldsson (ICE).

Í framboði til stjórnar eru:

**Eli Úlfarsson (ICE),
Guðmundur Óskar Bjarnason (ICE),
Högni Björn Ómarsson (ICE),
Kristinn Alex Sigurðsson (ICE),
Vala Gauksdóttir (FÍ) og
Örnólfur Jónsson (ICE).**

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

ELI ÚLFARSSON
FLUGMAÐUR HJÁ ICELANDAIR

Kæru félagar,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til stjórnar FÍA þar sem ég tel mikilvægt að auka nýliðun og breidd í forystu félagsins. Enginn á neðri helmingi starfsaldurslista Icelandair situr nú í stjórn og tel ég tímabært að bæta þar úr. Ég hef starfað hjá Icelandair sem flugmaður frá árinu 2016 og hef lengi haft áhuga á félagsmálum, en ég sat í samstarfsnefnd FÍA og Icelandair árin 2020–2021. Einnig hef ég tekið þátt í starfi á pólitískum vettvangi og setið í trúnaðarmannaráði Eflingar, þar sem ég var fulltrúi starfsfólks á mínum gamla vinnustað. Einnig hef ég unnið að því að vekja athygli á brýnum þjóðfélagsmálum og ber þá helst að nefna COVID-19 aðgerðirnar sem gengu lengra en góðu hófi gegndi.

Eflum samskiptin

Ég vil halda áfram að efla samskipti og upplýsingaflæði FÍA til félagsmanna. Ég vil að það fari ekki á milli mála hvar FÍA stendur í tilteknum málum, hvort sem það snýr að einstökum málum milli vinnuveitanda og félagsmanna eða stefnumálum FÍA út á við í fjölmiðla. Þannig að þegar upp kom deilumál þá sé afstaða FÍA í því tiltekna máli á tæru og félagsmenn upplýstir um það. Einnig tel ég það mikilvægt að öllum fundargerðum verði komið út eins fljótt og mögulegt er þannig að félagsmenn séu strax upplýstir um stöðu mála.

Virkjum sjúkrasjóðinn

Flugmenn FÍA eiga að njóta bestu mögulega heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Ég vil láta kanna hvort við getum varið fjármunum sjúkrasjóðs betur þannig að flugmenn geti fengið fyrsta flokks þjónustu, sem myndi þýða skemmri biðtíma, eða jafnvel engan biðtíma, og bættu þjónustu. Hvort sem það væru almennar skoðanir og eftirfylgni með heilsu eða þegar um einhver veikindi er að ræða þar sem félagsmaðurinn þarfnast læknisaðstoðar. Eins mætti skoða hvort hægt væri að tryggja okkur þannig að kostnaðarsamari aðgerðir yrðu framkvæmdar erlendis. Þannig mætti sneiða hjá biðlistum og stórbæta þjónustu.

Verjum atvinnuna

Reglulega berast okkur fregnir af alls kyns gjald-

töku eða höftum á ferðaþjónustu sem hefur áhrif á lífsviðurværi flestra félagsmanna FÍA. Félagið á að berjast gegn öllu sem heftir atvinnutækifæri okkar. Þá skiptir máli að við ályktum um mál sem augljóslega munu hafa áhrif á atvinnuöryggi okkar. Það gæti því verið þess virði að kanna samstarf við önnur félög sem gæta sömu hagsmuna og við, hvort sem það væru önnur stéttarfélög eða hagsmunasamtök.

Að lokum vil ég tryggja það að félagsmenn FÍA líti á sig sem eina heild. Nú þegar hópurinn stækkar og er farinn að telja meira en 800 félagsmenn þá er gríðarlega mikilvægt að allir hafi rödd, óháð stöðu eða vinnuveitanda. Sérstaklega þeir sem yngri og nýrri eru, og skiptir það þá gríðarlegu miklu máli að þessi hópur sé virkjaður til þess að standa vörð um þau réttindi og þá samstöðu sem félagsmenn FÍA hafa sýnt í áraraðir. Nái ég kjöri mun það vera eitt af mínum áhersluatriðum að vinna að því að stéttarvitund þeirra sem yngri eru aukist.



FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

**GUÐMUNDUR ÓSKAR
BJARNASON
FLUGSTJÓRI HJÁ ICELANDAIR**

Kæru vinir,

Ég heiti Guðmundur Óskar Bjarnason og treysti á þinn stuðning í stjórnarkjörinu sem fer fram á aðalfundi FÍA þann 29. febrúar næstkomandi. Örstutt kynning á mér, ég bý í Hafnarfirði, er giftur og á þrjú börn.

Ég tók einkaflugið hjá Flugsýn á sínum tíma og bóklegt ATPL í Oxford, OAA. Verklega hlutann kláraði ég hjá Flugskóla Íslands. Ég hef unnið hjá Mýflugi á Kingair 200, Air Atlanta Icelandic á B747-400 og hjá Icelandair frá árinu 2015 sem flugmaður á B737/757/767 og núna sem flugstjóri á B737.

Ég hef sinnt nokkrum trúnaðarstörfum fyrir FÍA, var í skráreftirlitinu bæði fyrir Air Atlanta og Icelandair, einnig í trúnaðarráði.

Með þennan bakgrunn þá tel ég mig hafa umfangsmikla reynslu sem nýtist innan stjórnar FÍA, reynslu sem nýtist félagsmönnum hvort sem þeir starfa fyrir stærri eða minni flugrekendur.

Baráttumál mín eru m.a. þau að í stjórn og nefndum FÍA sé ákveðin nýliðun og kynna starfsemi okkar til félagsmanna til að efla félagið. Þótt gríðalegur árangur hafi náðst hjá okkar frábæra félagi á undanförunum árum og áratugum þá megum við ekki sofna á verðinum. Það er veist að starfskjörum okkar úr öllum áttum.

Fjölskylduvænna starfsumhverfi og stytting vinnuvikunnar þykir sjálfsögð allsstaðar í þjóðfélaginu, en slíku mætti bæta í okkar vinnuumhverfi.

Einnig vil ég berjast fyrir aðild flugmanna annarra flugrekenda á Íslandi í okkar frábæra félag og sjá fjölgun orlofskosta í takt við fjölgun félagsmanna.

Áfram FÍA!

Kær kveðja
Guðmundur Óskar Bjarnason



Við Jón Þór Þorvaldsson skiluðum okkar framboðum nánast samtímis og ég gleðst yfir því að hann sé enn á ný sjálfkjörinn. Hann er fjórði formaðurinn sem ég hef unnið með í stjórn FÍA og hvergi hefur borið skugga á samstarf okkar, hvort sem er við stjórnarborðið eða önnur verkefni sem við höfum ásamt öðrum unnið að á vegum FÍA. Ég er sannfærður um að Jón Þór á eftir að leiða stjórnarstarfið með stakri þrýði næstu tvö árin og framboð mitt er yfirlýsing um að ég sé þar einnig til þjónustu reiðubúinn.

Fráfarandi stjórnarfólkinu Gunnari Birni, Steindóri Inga og Söru Hlín færi ég bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og fyrir þeirra ríkulega framlag til FÍA.

Því fylgir álag að sitja í stjórn FÍA og verkefnin eru í senn krefjandi og fjölbreytt. Sjaldan eru verkefni stjórnar að fullu afgreidd á reglulegum fundum, sem haldnir eru fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, þannig að segja má að stjórnarstarfið verði að nokkurs konar lífsstíl samhliða fullri vinnu.

Það er ánægjulegt að sjá framboð frá yngri félagsmönnum í FÍA og auðséð er að enginn skortur er á hæfileikaríku fólki í okkar ört vaxandi hópi. Í þau skipti sem ég hef fengið umboð stjórnar til að skipa mínar nefndir hef ég leitað til yngra fólks í þeirri von að vekja áhuga þeirra á starfi FÍA, en ekki síður til að læra af þeim. Í öll þau skipti hefur tekist vel til og ég er þeim þakklátur fyrir að vinna með mér að sameiginlegum hagsmunum flugmanna hvort sem er í samninga- eða samstarfsnefndum.

FÍA hefur lengi verið öflugt stéttarfélag hvort sem lítið er til fjárhags eða órofa samstöðu félagsmanna og þess er gætt að rými sé fyrir ólíkar skoðanir. Á síðasta ári tók Hermann Sigurðsson til starfa sem nýr framkvæmdastjóri FÍA og fékk það verðuga verkefni að taka við af Láru Sif sem var einstakur samstarfsmaður minn til margra ára.

Til að auka þjónustu við félagsmenn og skilvirkni var Anna Lilja Hallgrímsdóttir ráðin lögfræðingur til viðbótar við Sonju Bjarnadóttur Backman sem hefur reynst okkur afar vel. Þá eru ótalin þau Kristín Ingimundardóttir og Jónas Einar Thorlacius sem bæði sinna mikilvægum verkefnum á skrifstofu FÍA og taka vel á móti öllum sem þangað leita. Þjónusta FÍA hefur alltaf verið persónuleg og starfsfólkið er mjög gott í átaksverkefnum og enn betra í fyrirhyggju.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

HÖGNI BJÖRN ÓMARSON
FLUGSTJÓRI HJÁ ICELANDAIR

Hjá FÍA er markvisst unnið að stefnumótun sem er nauðsynleg til að fanga ferska vinda. Komandi stjórn mun í fyrsta sinn á næsta kjörtímabili afhenda sérstök erindisbréf til allra nefnda og ráða ásamt því að tengja þeirra störf betur við stjórnarstörfin til að tryggja aukin afköst og jafnari dreifingu verkefna. Áfram verður lögð áhersla á fræðslu um ákvæði kjarasamninga en nýjunga er að væta í framsetningu á því kennslu-efni.

Stuðningsúrræðum fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra hefur fjölgað með nýjum samningum Sjúkrasjóðs FÍA um sérfræðiþjónustu og brátt bætast tveir flugrekendur við þann góða hóp sem þegar á aðild að PSP kerfinu.

Ég hlakka til að starfa áfram í umboði FÍA og er sem fyrr til þjónustu reiðubúinn.



FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

KRISTINN ALEX SIGURÐSSON
FLUGMAÐUR HJÁ ICELANDAIR

Komið þið sæl,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til setu í stjórn FÍA í fyrsta sinn. Ég hóf störf hjá Flugfélaginu Erni árið 2016 og svo hjá Icelandair 2018.

Ég hef lengi haft áhuga á stéttarfélags- og kjaramálum og hlakka til, með ykkar stuðningi, að láta til mín taka.

Mig langar til að hvetja unga fólkið að mæta á fundi og taka þátt í umræðunni. Það er mikilvægt að allir þekki rétt sinn og nýti hann.

Til þess að sem best takist til er mikilvægt að sem flestir komi að félagsstarfinu. Samstaðan er gríðarlega mikilvæg og sem ein heild erum við sterkust.

Í kjaramálum eigum við heilmikið inni. Stytting vinnuviku hefur ekki verið fundin almennileg hliðstæða í okkar fagi að mínu mati til dæmis.

Það er til mikils að vinna, við flugmenn erum dýrmæt og eftirsótt auðlind og flugfélögin hafa nú þegar lýst áhyggjum sínum af framtíðar mönnun.

Ég vona að þið veitið mér tækifæri til að sýna hvað í mér býr.

Sjáumst á aðalfundinum



FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

VALA GAUKSDÓTTIR
FLUGMAÐUR HJÁ
FLUGFELAGI ÍSLANDS

Kæru félagar,

Ég heiti Vala Gauksdóttir og hóf störf sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands árið 2017. Ég hef ákveðið að bjóða mig fram til stjórnar FÍA í komandi kosningum þar sem ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að það sé sem mest fjölbreytni í hópi stjórnarmanna félagsins.

Ég hef verið meðlimur í FÍA síðan 2007 þegar ég hóf minn flug feril sem flugkennari hjá Flugskóla Íslands. Ég starfaði sem flugkennari í nokkur ár samhliða því að starfa sem flugumsjónarmaður hjá Air Atlanta. Árið 2017 hóf ég störf sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands.

Ég hef verið virk í félagsstörfum frá því að ég starfaði hjá Air Atlanta en þar sinnti ég félagsstörfum fyrir Félag flugumsjónarmanna (FFM), sat í í samningarnefnd og var trúnaðarmaður. Ég hóf störf fyrir FÍA árið 2023 sem skoðunarmaður reikninga eftir að hafa lokið meistaraþrófi í reikningshaldi og endurskoðun.

Félagsmönnum FÍA fer nú fjölgandi og eru margvísleg verkefni framundan. Ég tel mikilvægt að stéttarfélagið okkar sé sterkt og sameinað til að standa vörð um hagsmuni flugmanna.

Ég óska eftir þínum stuðningi í komandi kosningum til stjórnar FÍA.



Ágætu félagsmenn

Ég heiti Örnólfur Jónsson og býð mig fram til stjórnar FÍA.

Ég var ráðinn til Ícelandair árið 1995 og gegni nú starfi flugstjóra á B-737. Árið 2020 lét ég af starfi formanns FÍA eftir fjögur ár í því starfi en hafði áður gegnt ýmsum embættum fyrir FÍA í hartnær aldarfjórðung. Má þar nefna setu í stjórn FÍA, samninganefndum og EFÍA. Eftir að hafa verið fjarri öllu tengdu FÍA í fjögur ár er mér ljóst að enn brenn ég fyrir kjarabaráttuna og FÍA og er tilbúinn að leggja áfram mitt af mörkum ef félagsmenn veita mér brautargengi.

Flugmönnum í FÍA hefur á undanförunum árum fjölgað mikið sem er fagnaðarefni. Því fylgir að eitt stærsta verkefni félagsins er að virkja nýja félaga og vekja þá til meðvitundar um mikilvægi stéttarfélagins og hversu mikil vinna og barátta liggur að baki þeim samningum sem nú er unnið eftir. Sífelld er hins vegar sótt að kjörum og starfsumhverfi okkar og stöðug vinna að tryggja að eftir kjarasamningum sé unnið og að áfram verði eftirsóknarvert að komast í atvinnuflugmannsstarf á kjarasamningi við FÍA. Það er langt í frá sjálfgefið að svo verði áfram og að ungt fólk sé tilbúið að fórnar tveimur árum og 17-18 milljónum króna til að öðlast réttindi atvinnuflugmanns ef störfin krefjast sífelld meiri viðveru og veita lakari kjör.

Kjörin eru margskonar og stefna verður á að varðveita og bæta þau eins og frekast er kostur. Laun eru að sjálfsögðu mikilvæg en ekki síður felast verðmæti í öðrum ákvæðum kjarasamninganna eins og t.d. orlofs-, lífeyris- og veikindaréttindum auk trygginga.

Öryggismálin hafa ávallt skipað stóran sess í starfsemi FÍA og tryggja verður að svo verði áfram.

Það getur ekki gengið að upp spretti flugfélög á Íslandi sem stunda félagsleg undirboð án þess að stjórnvöld bregðist við. Við verðum að halda áfram að ýta við stjórnvöldum í þessum efnum þótt viðbrögðin hafi enn sem komið er verið takmörkuð.

Verktaka í flugi er orðin allt of stór hluti af atvinnuumhverfi flugmanna á heimsvísu og við því verður að sporna með öllum ráðum.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR:

ÖRNÓLFUR JÓNSSON
FLUGSTJÓRI HJÁ
ICELANDAIR

Flugmannsstarfið er í grunninn launþegastarf og getur á engan hátt fallið undir skilgreiningu um verktöku.

Að ríkið sé ekki þátttakandi í að skapa viðunandi skilyrði til náms í flugi er óásættanlegt. Miðað við umfang flugstarfsemi á Íslandi og hverju það skilar í þjóðarbúið þá verður að gera flugnámi hærra undir höfði af hálfu hins opinbera. FÍA þarf að beita sér í þessum efnum.

Órofa samstaða flugmanna hefur alltaf verið helsti styrkur FÍA og svo verður að vera áfram ef við ætlum að tryggja að það sé eftirsóknarvert að læra til atvinnuflugmanns.

Ágætu félagsmenn. Reynsla og þekking á verkefnum og starfsemi FÍA er gríðarlega mikilvæg við stjórnarborðið. Ég óska eftir ykkar stuðningi í kosningu til stjórnar FÍA á aðalfundi þann 29. febrúar n.k. Sterk og samhent stjórn er grundvöllur að áframhaldandi öflugu starfi og framgangi FÍA.



GÖNGUM VEL UM BÚSTAÐINA OKKAR

Kæru félagar.

Í flestum ef ekki öllum pistlum okkar í fréttabréf FÍA hefur verið rætt um umgengni í húsunum okkar. Á þessu verður engin breyting hér.

Sem betur fer eru lang flestir sem láta það ekki fréttast um sig að ganga illa um eða þrifa varla skítinn undan sjálfum sér heldur skilja við húsin jafnvel betur heldur en þeir komu að þeim.

Við höfum oft velt því fyrir okkur hversvegna örfáir ganga jafn illa um og raun ber vitni. Kannski stafar það af því að einhverjum finnst algerlega sjálfsagt að leigja húsin okkar fyrir uppkomin börn sín og viðkomandi félagsmaður kemur þar hvergi nærri og ábyrgðartilfinningin verður minni fyrir vikið eða kannski er skítastuðull kynslóðanna svona mikill! Hver veit hvað veldur?

Það vekur einnig upp spurningar um siðferði einstaka félagsmanna þegar þeir birta myndir á samfélagsmiðlum með gæludýr í húsunum þar sem dýrahald er bannað eða þar sem félagsmaður ákveður að orlofshús sé besti staðurinn til að halda afmælispartí þar sem húsgögnum er endurraðað og tómur heitipottur er notaður sem sætisstaður fyrir fullklædda gesti í háhæluðum skóm.

Reglulega koma fyrirspurnir um hvort það standi til að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við húsin okkar. Engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkt enda verður útfærslan flókin t.d. vegna greiðslufyrirkomulags.

Það verður að taka fram að BANNAÐ er að hlaða bíla í „venjulegum“ innstungum við húsin okkar og geta félagsmenn bakað sér skaðabótaskyldu verði þeir uppvísir að slíku.

Gráhraun 2 í Húsafelli komst loks í leigu á seinnihluta árs 2023 og hefur húsinu verið mjög vel tekið enda aðstaðan til fyrirmyndar. Eins og áður hefur komið fram er þetta fyrsta orlofshús okkar útbúið gestahúsi með frjálsri aðferð

Ljósleiðaratenging er komin í öll okkar hús nema Reykjaskóg en þar er 5G netbeinir til staðar.

Senn líður að opnun vegna umsókna um sumarið 2024 í húsunum okkar en hingað til höfum við miðað við að sem flestir flugrekendur séu búnir að úthluta sínum fríum við opnun umsókna. Undanfarin ár hefur þetta verið um miðjan mars..

Fyrir hönd Skýjaborga,

Valur Hlíðberg

ÖRYGGIS- NEFND FÍA

Þann 17. janúar s.l. fóru 4 nefndarmenn úr Öryggisnefnd FÍA (ÖFÍA) í heimsókn til flugvallarþjónustudeildar ISAVIA á Keflavíkurflugvelli.

Tilgangur ferðarinnar var að kynnst starfi þeirra sem sinna snjó og hálkuvörnum flugvallarins.

Þann 17. janúar s.l. fóru 4 nefndarmenn úr Öryggisnefnd FÍA (ÖFÍA) í heimsókn til flugvallarþjónustudeildar ISAVIA á Keflavíkurflugvelli. Tilgangur ferðarinnar var að kynna starfi þeirra sem sinna snjó og hálkuvörnum flugvallarins.

Byrjað var á fundi með Guðjóni Arngrímssyni forstöðumanni flugvallarþjónustu, Skúla Þórðarsyni sérfræðingi og Sigurði Björgvin Magnússyni „Snjókóngi“ sem er stjórnandi vetraraðgerða. Þar voru nefndinni kynntar þær áætlanir sem viðhafðar eru miðað við aðstæður hverju sinni og er ástæða til að benda á þær upplýsingar sem er að finna á [heimasíðu Isavia hér](#).

Snjóruðningsdeildin hefur eflst mikið síðustu árin og býr hún yfir gríðarlega öflugum tækjum og er vel mönnuð allan sólarhringinn. Búnaður deildarinnar samanstendur m.a. af 11 tækjum sem nefnd eru sameyki en þau samanstanda af snjóplóg sem dregur á eftir sér kústa með öflugum blásara, 5x dreifurum fyrir hálkuvarnarefni, 2x bílum til að dreifa afþingarvökva auk fleiri öflugra tækja.

Verklag deildarinnar miðast við að halda einni braut ávallt opinni á öllum tímum en jafnframt að halda annarri braut þannig að það sé hægt að opna hana með 30 mínútna fyrirvara. Tvisvar á sólarhring kl 0100 og 1300 eru haldnir fundir þar sem næstu 12 klukkustundir eru skipulagðar með tilliti til veðurspár. Þar til hliðsjónar er veðri skipt í 4x stig eða svokallað WinCon stig 1-4 ([sjá mynd](#)). Með því geta stjórnendur deildarinnar ákvarðað fjölda tækja og mönnun samhliða.

Miðað við afköst deildarinnar þá myndi taka 38 mínútur að hreinsa braut 19 og akbraut Echo og November inn að flugstöð í WinCon 2 og 3 skilyrðum. Þá er ekki gert ráð fyrir að Kilo og Charlie séu hreinsaðir.

Í WinCon 1 og 2 er gert ráð fyrir að Kilo og Charlie séu hreinsaðir en þá getur tíminn verið allt að 44 mínútum ([sjá mynd](#)).






Nefndarmenn fengu leiðsögn um svæðið og var bent á ýmislegt fróðlegt sem við kemur rekstri vallarins.

Til gamans má geta þess að það eru nokkur refagreni innan girðingar á Keflavíkurflugvelli sem fá að vera óáreitt þar sem refurinn hjálpar til við að halda fugli í skefjum. Þónokkuð er skotið af fugli af ýmsum stærðum og tegundum af starfsmönnum deildarinnar.

Jón Hörður Jónsson og Björn Ásbjörnsson



- **Búnaður deildarinnar samanstendur m.a. af 11 tækjum sem nefnd eru sameyki en þau samanstanda af**
- **Snjóplóg sem dregur á eftir sér kústa með öflugum blásara**
- **5x dreifurum fyrir hálkuvárnarefni**
- **2x bílum til að dreifa afísingarvökva auk fleiri öflugra tækja.**


KEF WinCons Skilgreiningar

KEF WinCons definition

Ver. 04 - 231011

Winter condition class	Expected impact on service and priorities	Indicative weather forecast Examples of forecasted weather phenomena and intensities for each WinCon
WinCon 1 Light	Winter service expected to keep up with weather. Surface conditions may deteriorate slightly Normal operation on runways and apron foreseen CAUTION: Possible risk of black ice on untreated areas	Surface frost / ice: - Wet surface, rain or showers, temperature falling below zero - Surface frost: Temperature below -2°C, mean wind less than 8KT, clear sky, high humidity RH>85% Snowfall / snow drifting - Light showers of snow -SHSN - Prec. density 0.1 mm/h - Moderate showers of snow, shorter period, SHSN, 4 hrs or less Wind below 12KT, no snow drifting expected
WinCon 2 Moderate	Mostly normal operation with slower periods in between. Waiting for snow removal on apron or operating on snow covered surfaces may be expected. Temporary: Expect minimum operating surfaces in snow clearance, RWY RETs not available	Surface frost / ice: - n/a Snowfall / snow drifting - Light snowfall or moderate showers -SN or SHSN more than 4hrs - Prec. density 0.2 mm/h or more - Wind above 16G22KT, less than 22G30KT (mean wind 7-11 m/s) - Drifting snow forecasted, DRSN, no blowing snow BLSN Visibility - Visibility less than 2000 m due to snowfall
WinCon 3 Heavy	Expect Winter service on Apron to be delayed, single stand at a time. Expect TWYs snow covered Expect minimum operating surfaces in snow clearance, RWY RETs not available Expect ATC to request aircraft holdings or increased separation	Surface frost / ice: - Rain or wet snowfall, even showers, on frozen ground Snowfall / snow drifting - Moderate snowfall SN and wind 22G30KT to 30G41KT - Heavy snowfall +SN - Blowing snow BLSN forecasted Visibility - Visibility less than 800 m expected - Vertical visibility less than 300 ft expected
WinCon 4 Extreme	RWY crosswind, visibility. and surfaced condition may affect operation Expect only RWY winter service Aircraft may line up on TWYs Apron stands not serviced Runway friction might be impossible to improve above RWYCC 3	Surface frost / ice: - Freezing rain forecasted FZRA or FZDZ Snowfall / snow drifting - Any snowfall, -SHSN or SN, wind above 30G41KT - Heavy snowfall in periods, TEMPO +SN - Blowing snow BLSN forecasted Visibility - Visual range and vertical visibility severely degraded, runway operation extremely difficult - Airport navigation systems clogged due to wet snow and wind Ramp operations difficult or impossible due visibility, gust strength and snowdrift accumulation

Snow clearing scenarios for RWY 19 ARR and DEP



Scenarios for convoy of 5 snowplows

Scenario 19-a) — /

Area: RWY 19, TWY S1, E1, E2, E3, E4, N4
(every other trip S1 instead of E1)

WinCon 2

WinCon 3

Cycle time 38 minutes

Scenario 19-b) — — — —

Area: Same as Scenario 19-a) + TWY K2, C3

WinCon 1

WinCon 2 when possible

Cycle time 44 minutes

- Scenarios are service aims and are therefore only indicative of the possible available maneuvering area during certain Winter Condition estimate (WinCons 1, 2, 3, 4)
- Airport Operations and ATC Tower decide the scenario in effect. A higher service level scenario will be adopted as soon as possible considering weather situation.
- Regardless of scenario in use, ATC will instruct aircrews on available and recommended routes on the ground
- Service route cycle times are indicative. Turnarounds in junctions for full width snow clearance may add to this time

Snjóhreinsanir - sviðsmyndir

RÖDD ÍSLENSKRA FLUGMANNA STYRKIST



Paul Allen, flugstjóri hjá Atlanta, var nýverið kosinn í stjórn Samtaka atvinnuflugmanna í Evrópu (ECA). Hann segist afar þakklátur og spenntur fyrir komandi tímum.

Birna Jónasdóttir tók Paul tali.

Alþjóðanefnd FÍA hefur í nokkur ár unnið náið með ECA að ýmsum vinnuhópum til að koma á breytingum fyrir evrópska og norræna flugmenn. ECA gætir sameiginlegra hagsmuna atvinnuflugmanna á evrópskum vettvangi, leitast við að hámarka flugöryggi og stuðla að félagslegum réttindum og vönduðu starfsumhverfi fyrir flugmenn.

viðurkenna þá breytingu sem hafði átt sér stað innan sambandsins og þegar Paul Reuters tók við embætti varaforseta sambandsins hafa gefist tækifæri til að veita NPS meðlimi sæti í stjórn ECA.

MEÐ TILKOMU ENDURBÆTTS HÓPS NORRÆNNA FLUGMANNA (NPS) Á SÍÐASTA ÁRI, ERUM VIÐ NÚNA UM 20-25 PRÓSENT AF FJÖLDA FLUGMANNA OG MA INNAN ECA.

ECA vinnur einnig hönd í hönd með IFALPA í nokkrum helstu alþjóðlegum málum og stefnum. Paul er fyrstur íslenskra flugmanna til að hljóta sæti í stjórn ECA en auk hans á FÍA fulltrúa í ýmsum nefndum og vinnuhópum sambandsins. Sonja Bjarnadóttir Backman, lögfræðingur FÍA á meðal annars fast sæti í vinnuhópi ECA legal.

„FÍA vinnur að því í samvinnu við ECA að hafa áhrif á stefnu innan ESB og EASA í málum eins og endurskilgreiningu á hámarksflugvakta, laun og ráðningarskilyrði, stefnu stéttarféлага þvert á landamæri, samninga starfsmanna/flugmanna í hlutastarfi innan ESB, vernd og réttindi starfsfólks og væntanleg RCO og eMCO framtök,“ segir Paul en leggur áherslu á að þetta sé einungis lítill hluti þeirra verkefna sem ECA vinnur að. „Þetta eru nokkur en ekki öll þau mikilvægu verkefni sem ECA vinnur að núna,“ segir hann.

„Þar sem FÍA er aðeins lítill hluti af stóru mynd ECA hefur félagið ekki haft mikil ítök í öllum þessum málum. En með tilkomu endurbættis hóps Norrænna flugmanna (NPS) á síðasta ári, erum við núna um 20-25 prósent af fjölda flugmanna og MA innan ECA,“ segir Paul. Hann segir ECA hafa neyðst til að

„Það kom mér mikið á óvart þegar mitt nafn kom upp í þessu sambandi,“ segir Paul. „Það er mikill heiður bæði að hafa verið tilnefndur í þetta hlutverk og síðan að hafa fengið sæti í stjórninni. Ég er afar þakklátur,“ bætir Paul við.

„Ísland og norræna flugmanna-samfélagið hefur nú sterkari rödd innan ECA og það er mikilvægt fyrir okkur að hlustað sé á okkar málefni. Núna þegar við höfum fengið sæti við borðið stefnum við að því að meðlimur NPS verði í stjórn ECA næstu árin og viðhaldi því að okkar rödd heyrir.“

Paul á sæti í stjórn ECA fram til næstu áramóta og segist hann spenntur fyrir tímanum sem fram undan er. „Ég mun að sjálfsögðu gera mitt besta í því að koma fram fyrir hönd íslenskra flugmanna og vonandi tryggja öðrum norrænum flugmanni þetta sæti við næstu tilnefningu,“ segir hann.

„Það er nóg að gera áður en starfstími minn rennur út og ég mun gera mitt besta í því að koma til ykkar allra upplýsingum um framvindu mála,“ segir Paul að lokum.

Ávísun á frábært sumar

Skráðu þig á orlofsvef félagsins og skoðaðu tilboð á frábærri afþreyingu og gistingu hjá mörgum af betri hótélum og gistiheimilum landsins.

Kauptu ferðaávísun og njóttu Íslands á sérkjörum.



Arctic Hotels



Langaholt



Landhótel



Fjallafjör



Íslandshótel Reykjavík



Sigló Hótel



Keahótel



Hótel Ísland